

Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

15. fundur stýrihóps

Staður: Kjarni, Laugum

Tími: 14.03.2022 kl. 10:00-12:00

Mætt voru:

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Ólafur Arnar Jónsson, Landsvirkjun

Hildur Vésteinsdóttir, Landsvirkjun

Hjalti Jóhannesson, RHA

Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit

Ólafur Ármann Sigurðsson, PCC

BakkiSilicon

Starfsmenn:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga, sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Framgangur verkefnisins

Framvinda á fyrstu vikum í nokkuð hefðbundnum farvegi.

2. Undirbúningur ársfundar

Lagt til að 5. ársfundur fari fram að hausti. Stýrihópur samþykkir að stefna að ársfundi þann 5. október. Markhópur starfsfólk sveitarfélaga, sveitarstjórnarfulltrúar, íbúar og fulltrúar atvinnulífs/fyrirtækja á svæðinu.

Í verkefnisáætlun eru eftirfarandi tillögur að efnistöfum og til viðbótar hugmyndir að fyrirlesurum:

- Skipulagsmál sveitarfélaga, verkfæri í loftslagsmálum, með vísan í vísí 2.1 um andrúmsloft og 2.3 um landnotkun.
 - Aðlögun að loftslagsmálum
 - Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Ásdís Hlökk, Árni – Alta, Arnar - Teiknistofa Norðurlands, Landbúnaðarháskólinn
- Loftslagsmál og orkuskipti, með vísan í vísí 1.7 um samöngur, 2.1 um andrúmsloft (losun og loftgæði) og 2.7 um neyslu- og framleiðslumynstur (úrgangsmál).
 - Brynhildur Bjarnadóttir – HA, Rúnar á Vöglum
- Atvinnulíf og búsetuþróun, með vísan í vísí 3.2 um atvinnulíf (búfænaður og gisting) og 1.1 um lýðfræði (þróun mannfjölda).
 - Byggðastofnun
 - SSNE
 - Framsýn

Niðustaða stýrihóps var að efni fundarins mundi hverfast um loftslagsmál. Þar undir væri til umfjöllunar eftirfarandi (allt eða 2-3 atriði):

- Skipulag sveitarfélaga, verkfæri til að kljást við loftslagsmálin
- Kynning á verkefni fyrirtækjanna sem snúa að loftslagsmálum – Landsvirkjun, Landsnet, PCC BakkiSilicon
- Úrgangsmál
- Orkuskipti

3. Ársyfirlit 2021 – drög

Farið var yfir drög að ársyfirlit vegna vinnu við verkefnið á árinu 2021.

Heilt yfir gekk uppfærsla á vef vel, 17 vísar af 20 uppfærðir að hluta til eða öllu leyti.

COVID-19 hafði áhrif á t.d. kynningar á verkefninu. Aðeins var um að tímar færðust á milli verkþátta t.d. færri tímar í stýrihópsfundi en fleiri í undirbúning ársfundar.

4. Önnur mál

- Birting á verkefnisáætlun og ársyfirlitum – verður rætt á verkefnisfundi.
- Vörður við árslok 2022 – til viðbótar við hefðbundnum vörðum var bætt við tveimur nýjum vörðum í verkefnisáætlun ársins 2022.
 - Markmið ársins – 1000 fylgjendur á facebook
 - Rætt um leiðir til að fjölga fylgjendum. Þjóða vinum, keyptar auglýsingar og aukinn þungi í þeim núna á vormisseri.
 - Mat á núverandi vísunum – gert ráð fyrir mati/endurskoðun á vísunum í haust. Til boða stendur að sækja frekari gögn í HSBC rannsóknina (heilsa og líðan grunnskólabarna), upplýsingar um búsetu fasteignaeigenda ekki lengur birtar – ath sérkeyrslu eða hætta með þann mælikvarða.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:45.